

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 2001

15. október 2001

2247

Nr. 776

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan.

Með vísan til 3. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að framfylgja ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1267 (1999) frá 15. október 1999 um aðgerðir gegn liðsmönnum stjórnar talibana í Afganistan og nr. 1333 (2000) frá 19. desember 2000 um aðgerðir gegn talibönum í Afganistan og hryðjuverkasveitum sem hafa aðsetur í Afganistan og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli:

1. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimil með beinum eða óbeinum hætti hvers kyns sala á vopnum, vopnabúnaði og íðefninu ediksýruanhýdríði til aðila sem dvelja eða starfa á þeim landsvæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Hið sama gildir um hvers konar milligöngu þar um eða að stuðla að því með öðrum hætti að vopn og vopnabúnaður berist í hendur þessara aðila sem og um vörur sem nota má til viðhalds og framleiðslu á vopnum og vopnabúnaði.
2. Íslenskum ríkisborgurum og lögaðilum sem og erlendum ríkisborgurum og lögaðilum, sem dvelja á Íslandi eða hafa þar starfsemi, er óheimilt með beinum eða óbeinum hætti að veita ráðgjöf, tækniaðstoð eða aðra fyrirgreiðslu án tillits til þess hvort gagngjald komi fyrir eða ekki í tengslum við herþjálfun, hernaðaraðstoð eða annars konar starfsemi sem ætla má að hafi hernaðarlegan tilgang á svæðum þeim í Afganistan sem lúta stjórn talibana.
3. Flugfélaginu „Ariana Afghan Airlines“ er óheimil hvers konar starfsemi á Íslandi.
4. Óheimilt er að nota loftför og skip skrásett á Íslandi til að flytja vörur sem um getur í 1. t. til svæða í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Að sama skapi er óheimilt að flytja slíkar vörur um íslenskt yfirráðasvæði.
5. Loftförum frá svæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana er óheimilt að lenda á Íslandi og fara um íslenskt yfirráðasvæði nema nefnd öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem sett

var á fót samkvæmt ályktun þess nr. 1267 (1999) hafi veitt leyfi fyrir fluginu. Hið sama gildir um loftför sem ætla má að hyggist lenda á svæðum í Afganistan sem lúta stjórn talibana. Sækja skal um undanþágur til nefndarinnar fyrir milligöngu utanríkisráðuneytisins.

6. Einstaklingum og lögaðilum er skylt að stöðva eða koma í veg fyrir hvers konar fjármagnsflutning, þar með talin afhending fjár og fjárverðmæta, úttektir, millifærsla sem og viðskipti með hvers konar fjárhagsleg verðmæti eða ígildi þeirra til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana sem tilgreindir eru í viðauka við auglýsingu þessa og að koma í veg fyrir að þeir fái slíkar greiðslur í hendur eða geti nýtt þær með öðrum hætti.

Hver sá sem brýtur gegn ofangreindum fyrirmælum skal sæta viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 5/1969 um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 15. október 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

VIÐAUKI

I. Einstaklingar:

1. Liðsmenn talibana í Afganistan:

Mullah Mohammad Rabbani, forseti stjórnarráðs, formaður ráðherraráðs;
Mullah Hadji Mohammad Hassan, fyrsti varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Kandahar;
Maulavi Abdul Kabir, annar varamaður, ráðherraráð, héraðsstjóri, Nangahar, yfirmaður

Austursvæðis;

Mullah Mohammed Omar, trúarleiðtogi (Ámir ul Mumineen), Afganistan;

Mullah Mohammad Tahre Anwari, stjórnarsýslufulltrúi;

Maulawi Sayyed Haqqan, ráðherra stjórnarsýslumála;

Maulavi Abdul Latif Mansur, landbúnaðaráðherra;

Mullah Shams-ur-Rahman, varalandbúnaðarráðherra;

Maulavi Attiqullah Akhund, varalandbúnaðarráðherra;

Maulavi Abdul Ghafoor, varalandbúnaðarráðherra;

Akhtar Mohammad Mansour, flugmála- og samgönguráðherra;

Hadji Tahis, varaflugmálaráðherra;

Mullah Mohammad Naim, varaflugmálaráðherra;

Hidayatullah Abu Turab, varaflugmálaráðherra;

Mullah Yar Mohammad Rahimi, samgönguráðherra;

Mullah Haji Alla Dad Tayeb, varasamgönguráðherra;

Maulavi Abdul Razaq, viðskiptaráðherra;

Maulavi Faiz Mohammad Faizan, varaviðskiptaráðherra;

Maulavi Nik Mohammad, varaviðskiptaráðherra;

Mullah Matiullah, tollafulltrúi, Kabul;

Maulavi Dadullah Akhund, ráðherra byggingamála;

Mullah Hadji Ubaidullah Akhund, varnarmálaráðherra;

Mullah Fazel M. Mazloom, staðgengill yfirmanns herráðs;
Mullah Baradar, varavarnarmálaráðherra;
Mullah Abdul Rauf, yfirmaður miðherja;
Mullah Amir Khan Motaqi, menntamálaráðherra;
Mullah Mohammad Nasim Hanafi, varamenntamálaráðherra;
Maulavi S. Ahmed Shahidkhel, varamenntamálaráðherra;
Mullah Abdul Wasay Aghajan Motasem, fjármálaráðherra;
Mullah Arefullah Aref, varafjármálaráðherra;
Mullah Haji M. Ahmadi, stjórnarformaður Da Afghanistan Bank;
Abdul Wakil Mutawakil, utanríkisráðherra;
Abdul Rahman Zahed, varautanríkisráðherra;
Mullah Abdul Jalil, varautanríkisráðherra;
Dr. Abdul Satar Paktis, protokolldeild utanríkisráðuneytisins;
Maulavi Faiz, upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins;
Shams-us-Safa Aminzai, fjölmiðlamiðstöð utanríkisráðuneytisins;
Maulavi Abdul Baqi, ræðismáladeild utanríkisráðuneytisins;
M. Jawaz Waziri, deild utanríkisráðuneytisins fyrir málefni Sameinuðu þjóðanna;
Maulavi Djallalouddine Haqani, landamæraráðherra;
Maulavi Abdul Hakim Monib, varalandamæraráðherra;
Alhaj M. Ibrahim Omari, varalandamæraráðherra;
Qari Din Mohammad, framhaldsmenntunarráðherra;
Maulavi Hamidullah Nomani, háttsettur embættismaður í framhaldsmenntunarráðuneyti;
Zabihullah Hamidi, varaframhaldsmenntunarráðherra;
Maulavi Arsalan Rahmani, varaframhaldsmenntunarráðherra;
Maulavi Qudratullah Jamal, upplýsingamálaráðherra;
Mullah Abdul Baqi, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
Maulavi Abdul Rahman Ahmad Hottak, varaupplýsinga- og menningarmálaráðherra;
Maulavi Rahimullah Zurmati, varaupplýsinga- (útgáfu-) og menningarmálaráðherra;
Abdulhai Motmaen, upplýsinga- og menningarmálaskrifstofa, Kandahar;
Maulavi Mohammad Yaqoub, yfirmaður BIA;
Mullah Abdul Razaq, innanríkisráðherra;
Mullah Abdul Samad Khaksar, varainnanríkis(öryggis)ráðherra;
Mohammad Sharif, varainnanríkisráðherra;
Maulavi Noor Jalal, varainnanríkisráðherra (rekstur);
Maulavi Saed M. Azim Agha, vegabréfa- og vegabréfsáritanadeild;
Mullah Nooruddin Turabi, dómismálaráðherra;
Maulavi Jalaluddine Shinwari, varadómismálaráðherra;
Alhaj Mullah Mohammad Essa Akhund, námu- og iðnaðarmálaráðherra;
Maulavi Sayeedur Rahman Haqani, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
Mullah Abdul Salam Zaief, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
Maulavi Mohammad Azam Elmi, vararáðherra námu- og iðnaðarmála;
Qari Din Mohammad Hanif, skipulagsmálaráðherra;
Maulavi Ezatullah, varaskipulagsmálaráðherra;
Maulavi M. Musa Hottak, varaskipulagsmálaráðherra;
Mullah Mohammad Abbas Akhund, heilbrigðisráðherra;
Sher Abbas Stanekzai, varaheilbrigðisráðherra;
Maulavi Mohammadullah Mati, ráðherra opinberra framkvæmda;
Maulavi Rostam Nuristani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
Hadji Molla Atiqullah, vararáðherra opinberra framkvæmda;

Maulavi Najibullah Haqqani, vararáðherra opinberra framkvæmda;
Maulavi Sayyed Ghiassouddine Agha, ráðherra pílagríma- og trúmála;
Maulavi Moslim Haqqani, vararáðherra pílagríma- og trúmála;
Maulavi Qalamudin Momand, vararáðherra pílagrímamála;
Maulavi Abdul Raqib Takhari, ráðherra mála er varða endurkomu til Afganistan;
Ramatullah Wahidyar, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;

Mohammad Sediq Akhundzada, vararáðherra mála er varða píslarvotta og endurkomu til Afganistan;

Maulavi Mohammad Wali, ráðherra glæpa- og siðferðismála;
Maulavi Mohammad Salim Haqqani, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
Maulavi Sayed Esmatullah Asem, vararáðherra glæpa- og siðferðismála;
Qari Ahmadulla, öryggismálaráðherra;
Maulavi Abdul-Haq-Wasseq, varaöryggismálaráðherra;
Maulavi Ehsanullah, varaöryggismálaráðherra;
Mullah Habibullah Reshad, yfirmaður rannsóknaskrifstofu;
Mullah Ahmed Jan Akhund, ráðherra vatns- og rafmagnsveitumála;
Eng. Mohammad Homayoon, vararáðherra vatns- og rafmagnsveitumála;
Maulavi Saiduddine Sayyed, vararáðherra atvinnu- og félagsmála;
Maulavi Abdul Jabbar, héraðsstjóri, Bamiyan;
Maulavi Nurullah Nuri, héraðsstjóri, Balkh, yfirmaður Norðursvæðis;
Muhammad Islam, héraðsstjóri, Bamiyan;
Mullah Janan, héraðsstjóri, Fariab;
Mullah Dost Mohammad, héraðsstjóri, Ghazni;
Maulavi Khair Mohammad Khairkhwah, héraðsstjóri, Heart;
Maulavi Abdul Bari, héraðsstjóri, Helmand;
Maulavi Walijan, héraðsstjóri, Jawzjan;
Mullah M. Hasan Rahmani, héraðsstjóri, Kandahar;
Mullah Manan Nyazi, héraðsstjóri, Kabul;
Maulavi A. Wahed Shafiq, varahéraðsstjóri, Kabul;
Alhaj Mullah Sadudin Sayed, borgarstjóri, Kabul;
Maulavi Shafiqullah Mohammadi, héraðsstjóri, Khost;
Maulavi Nazar Mohammad, héraðsstjóri, Kunduz;
M. Eshaq, héraðsstjóri, Laghman;
Maulavi Zia-ur-Rahman Madani, héraðsstjóri, Logar;
Maulavi Hamsudin, héraðsstjóri, Wardak (Maidan);
Maulavi A. Kabir, héraðsstjóri, Nangarhar;
Mullah M. Rasul, héraðsstjóri, Nimroz;
Maulavi Tawana, héraðsstjóri, Paktia;
Mullah M. Shafiq, héraðsstjóri, Samangan;
Maulavi Aminullah Amin, héraðsstjóri, Saripul;
Maulavi Abdulhai Salek, héraðsstjóri, Urouzgan;
Maulavi Ahmad Jan, héraðsstjóri, Zabol;
Noor Mohammad Saqib, forseti hæstaréttar;
Maulavi Sanani, yfirmaður Dar-ul-Efta;
Maulavi Samiullah Muazen, fulltrúi yfirréttar;
Maulavi Shahabuddin Delawar, fulltrúi yfirréttar;
Abdul Rahman Agha, forseti herréttar;
Mullah Mustasead, yfirmaður vísindastofnunar;

Maulavi Esmatullah Asem, framkvæmdastjóri Rauða hálfmánans í Afganistan (ARCS);
 Maulavi Qalamuddin, formaður Ólympíunefndar;
 Abdul Salam Zaeef, sendiherra talibana í Pakistan;
 Abdul Hakim Mujahid, sendierindreki talibana hjá Sameinuðu þjóðunum;
 General Rahmatullah Safi, fulltrúi talibana í Evrópu;
 Mullah Hamidullah, forstjóri Ariana Afghan Airlines;
 Alhaj Mullah Sadruddin, borgarstjóri, Kabul;
 Amir Khan Muttaqi, samningamaður talibana gagnvart Sameinuðu þjóðunum;
 Jan Mohammad Madani, sendifulltrúi, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
 Shamsalah Kmalzada, annar sendiráðsritari, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
 Azizirahman, þriðji sendiráðsritari, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
 Mawlawi Abdul Manan, viðskiptafulltrúi, sendiráði talibana í Abu Dhabi;
 Malawi Abdul Wahab, sendifulltrúi talibana í Riyadh.

2. Liðsmenn talibana í „sendiráði“ talibana í Islamabad
 Mullah Abdul Salam Zaeef (sendiherra);
 Habibullah Fauzi (fyrsti sendiráðsritari / varamaður sendiherra);
 Mohammad Sohail Shaheen (annar sendiráðsritari);
 Mohammad Sarwar Siddiqmal (þriðji sendiráðsritari);
 Mullah Mohammad Zahid (þriðji sendiráðsritari);
 General Abdul Qadeer (hermálafulltrúi);
 Maulavi Nazirullah Anafi (viðskiptafulltrúi);
 Maulavi Abdul Ghafar Qurishi (fulltrúi fyrir mál er varða endurkomu til Afghanistan);
 Mohammad Daud (rekstrarfulltrúi).

3. Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu“ talibana í Pashawar
 Maulavi Najibullah (aðalræðismaður);
 Qari Abdul Wali (fyrsti sendiráðsritari);
 Syed Allamuddin (annar sendiráðsritari);
 Maulavi Akhtar Mohammad (fulltrúi menntamála);
 Alhaj Maulavi Mohammad Saddiq (viðskiptafulltrúi).

4. Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu“ talibana í Karachi
 Maulavi Rahamatullah Kakazada (aðalræðismaður);
 Mufti Mohammad Aleem Noorani (fyrsti sendiráðsritari);
 Haji Abdul Ghafar Shenwary (þriðji sendiráðsritari);
 Maulavi Gul Ahmad Hakimi (viðskiptafulltrúi).

5. Liðsmenn talibana í „aðalræðisskrifstofu“ talibana í Quetta
 Maulavi Abdullah Murad (aðalræðismaður);
 Maulavi Abdul Haiy Aazem (fyrsti sendiráðsritari);
 Maulavi Hamdullah (fulltrúi fyrir mál er varða endurkomu til Afghanistan);

6. Einstaklingar sem tengjast Usama Bin Laden
 Usama Bin Muhammad Bin Awad Bin Laden (UBL), einnig þekktur sem Abu Abdallah Abd Al-Hakim. Fæddur 27. júlí 1957 í Saudi Arabíu. Sviptur ríkisfangi Saudi Arabíu, nú ríkisborgari Afganistan;

Muhammad 'Atif, einnig þekktur sem Abu Hafis. Sennilega fæddur í Egyptalandi 1944. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Háttsettur liðsforingi hjá UBL;

Aiman Muhammad Rabi Al-Zawahiri. Fæddur 19. júní 1951 í Giza, Egyptalandi. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Fyrirverandi foringi í Egyptian Islamic Jihad, nú í nánnum tengslum við UBL;

Sa'd Al-Sharif. Fæddur í Saudi Arabíu í kringum 1969. Mágur og náinn samstarfsmaður UBL. Talinn hafa yfirumsjón með fjármálum samtaka UBL;

Saif Al-Adil. Fæddur í Egyptalandi um 1963. Talinn vera egypskur ríkisborgari. Ábyrgur fyrir öryggi UBL;

Amin Al-Haq, einnig þekktur sem Muhammad Amin. Fæddur um 1960 í Nangahar í Afganistan. Afganskur ríkisborgari. Samhæfir öryggismál UBL;

Ahmad Sa'id Al-Kadr, einnig þekktur sem Abu Abd Al-Rahman Al-Kanadi. Fæddur 1. mars 1948 í Kairó, Egyptalandi. Talinn vera egypskur og kanadískur ríkisborgari;

Zain Al-Abidin Muhahhad Husain, einnig þekktur sem Abu Zubaida og Abd Al-Hadi Al-Wahab. Fæddur 12. mars 1971 í Riyadh, Saudi Arabíu. Talinn vera ríkisborgari Saudi Arabíu, Palestínu og Jórdaníu. Náinn samstarfsmaður UBL, skipuleggur ferðir hryðjuverkamanna;

Saqar Al-Jadawi. Fæddur um 1968. Talinn vera ríkisborgari Jemen eða Saudi Arabíu. Aðstoðarmaður UBL;

Bilal Bin Marwan. Fæddur um 1947. Háttsettur liðsforingi UBL.

II. Fyrirtæki og stofnanir:

Ariana Afghan Airlines (áður Bakhtar Afghan Airlines), Afghan Authority Building, P.O. Box 76, Ansari Watt, Kabul, Afghanistan og aðrar skrifstofur þess flugfélags;

Banke Millie Afghan (einnig þekkt sem Afghan National Bank; Bank E. Millie Afghan), Jada Ibn Sina, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Da Afghanistan Bank (einnig þekkt sem Bank of Afghanistan; Central Bank of Afghanistan, The Afghan State Bank), Ibni Sina Wat, Kabul, Afghanistan, og aðrar skrifstofur þess banka;

Bankareikningur Ariana Afghan Airlines hjá Citibank, New Delhi, Indlandi;

Bankareikningur Ariana Afghan Airlines hjá Punjab National Bank, New Delhi, Indlandi;

De Afghanistan Momtaz Bank;

Agricultural Development Bank of Afghanistan (ADB), Bretlandi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 524/1998 um útflytning á kindakjöti með síðari breytingum.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr. er hljóðar svo:

Fjöldi vetrarfóðraðra kinda á hvert ærgildi greiðslumarks skv. b-lið 1. mgr. skal taka breytingum ár hvert í samræmi við breytingar á sölu kindakjöts á innlendum markaði reiknað frá 7000 tonna árlegri sölu. Hlutfall þetta skal landbúnaðarráðherra auglýsa eigi síðar en 1. nóvember ár hvert fyrir næstkomandi almanaksár og skal hlutfallið miðað við sölu á kindakjöti á síðastliðnu almanaksári áður en auglýsing er birt.